



## Fundargerð

372. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps  
fimmtudaginn 16. október kl. 16.30.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Karl Kristjánsson (KK) oddviti, Vilberg Þráinsson (VÞ), Áslaug Berta Guttormsdóttir (ÁBG), Ágúst Már Gröndal (ÁMG) og Sandra Rún Björnsdóttir (SRB). Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir (IBE) sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Fundargerð rituð í tölvu og er fimm blaðsíður.

Oddviti bauð fólk velkomið, leitaði hann afbrigða að taka 6 mál til afgreiðslu undir liðnum önnur mál og var það samþykkt. Þá var gengið til dagskrár.

## Dagskrá:

### Fundargerðir

#### 1. 370. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps.

*Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.*

#### 2. 371. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps.

*Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.*

#### 3. Skipulags-, hafnar- og húsnæðisnefnd 16. október 2014.

*Formaður nefndarinnar fór yfir fundargerðina.*

##### 1. 1402022 – Breyting á aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006-2018, þéttbýlið á Reykhólum, efnistaka og frístundabyggð í landi Kirkjubóls.

*Sveitarstjórn Reykhólahrepps samþykkir athugasemdir Skógræktar ríkisins vegna skógaruðnings/skógareyðingar sem orsakast af skipulagsbreytingum og land-eigendur þurfi að uppfylla skv. samningi við Skógrækt ríkisins.*

##### 2. 1410017 – Fjörgurra ára samgönguáætlun, umsókn um ríkisframlög.

*Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar.*

*Fundargerðin samþykkt í heild sinni samhljóða.*

#### 3. Umhverfis- og náttúruverndarnefnd 14. október 2014.

*Formaður nefndarinnar fór yfir fundargerðina.*

##### 1. 1402025 – Sorpmál

*Sveitarstjórn tekur undir bókun nefndarinnar og vísar málinu til fjárhags-áætlunargerðar. Sveitarstjóra falið að kanna samning við Gámaþjónustuna um kaup á moltugerðarvél.*

*Fundargerðin samþykkt í heild sinni samhljóða.*

## **Mál til afgreiðslu**

### **1. 1410005 – Vestfjarðavegur 60 um Gufudalssveit, niðurstaða samráðshóps.**

Lögð er fram niðurstaða samráðshóps um Vestfjarðaveg um Reykhólahrepp sem ætlað var að greina málsmeðferð vegna mats á umhverfisáhrifum Vestfjarðavegar um Teigsskóg. Niðurstaða hópsins er að mæla með endurupptökuleið.

Endurupptökuleið er möguleg skv. fyrirbyggjandi ráðgjöf Skipulagsstofnunar og vænlegust með tilliti til tíma sem tæki að sækja mætti um framkvæmdaleyfi. Gert er ráð fyrir að unnt sé að sækja um framkvæmdaleyfi þegar ca. 1-1½ ár er liðið frá ósk um endurupptöku.

Aðrar leiðir sem hópurinn greindi voru svokölluð kæruleið, þ.e. að kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar um synjun matsáætlunar Vegagerðarinnar, og lagasetning. Kæruleiðin er lakari kostur en endurupptökuleiðin í tíma þar sem bíða þarf úrskurðar um kæru á matsáætlun. Miðað er við að Skipulagsstofnun muni ekki taka til meðferðar endurupptökubeiðni á meðan að kæra er til meðferðar. Lagasetningarleið þyrfti að skoða nánar og væri valkostur ef niðurstaða fæst ekki með endurupptöku.

*Sveitarstjórn Reykhólahrepps fagnar frumkvæði innanríkisráðherra í málinu og góðri samvinnu þeirra ráðuneyta og stofnana sem komu að verkefninu. Sveitarstjórn telur að sú leið sem hópurinn mælir með sé farsælust með tilliti til tíma og framgangs málsins.*

### **2. 1410006 – Framlag til Sjávarsmiðjunnar.**

Erindi frá Kristínu I. Tómasdóttur móttekið 6. október 2014.

*Sveitarstjórn Reykhólahrepps samþykkir að veita Sjávarsmiðjunni styrk að upphæð kr. 300.000 fyrir árið 2014 og lækkar eigið fé stofnunarinnar um sem nemur styrknum. Sveitarstjórn býður forsvarsmönnum Sjávarsmiðjunnar einnig að eiga fund um framtíðaráform sín. Samþykkt samhljóða.*

### **3. 1410007– Söfnunin við Stólum á þig.**

Erindi frá framkvæmdastjóra söfnunarinnar dagsett 15. september 2014.

Reykhólahreppur stefnir að plastpokalausum Vestfjörðum í verkefninu Umhverfisstofnun Vestfirðir í samvinnu með sveitarfélögunum á Vestfjörðum. Fjórðungs-samband Vestfirðinga heldur utan um verkefnið og er bréfitara bent á að kynna þeim verkefnið Við stólum á þig.

### **4. 1409022 – Reglur um flutningsstyrki.**

Drög að reglum, frestað á síðasta fundi.

*Sveitarstjórn Reykhólahrepps samþykkir reglur um flutningsstyrki samhljóða.*

### **5. 1410009 – Framkvæmdasjóður aldraðra, úthlutun 2014.**

Svör velferðarráðuneytis við umsóknum Reykhólahrepps, svarbréf dagsett 24. september 2014.

*Sveitarstjórn þakkar veitta styrki og felur sveitarstjóra að vinna og leggja fram viðbótaráætlun til afgreiðslu á næsta fundi sveitarstjórnar. Samþykkt samhljóða.*

**6. 1410010 – Námskeið fyrir kjörna fulltrúa í sveitarstjórnnum.**

Tilkynning frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Fjórðungssambandi Vestfirðinga um námskeið sem haldin verða á Ísafirði 23. október 2014 og á Hólmavík 24. október 2014.

*Sveitarstjórn Reykhólahrepps sækir námskeiðið á Hólmavík 24. október 2014. Sveitarstjóra falið að sjá um skráningu fulltrúa á námskeiðið. Samþykkt samhljóða.*

**7. 1410013 – Þingsályktun um eflingu heilbrigðisþjónustu, menntakerfis og velferðarþjónustu, 14. mál, til umsagnar.**

Umsagnarbeiðni frá velferðarnefnd Alþingis dagsett 25. september 2014.

*Sveitarstjórn veitir ekki umsögn. Samþykkt samhljóða.*

**Mál til kynningar**

**8. 1406018 – Starfsuppsögn hjúkrunarforstjóra, framlenging.**

Undirritað samkomulag.

*Lagt fram og kynnt.*

**9. 1410012 – Athugasemd við drög að reglugerð um umdæmi sýslumanna.**

- Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dagsett 14. október 2014.
- Afrit af bréfi Sýslumannsins í Bolungarvík til innanríkisráðuneytis dagsett 9. október 2014.

*Lagt fram og kynnt.*

**10. 1408006 – Landsþing Samband íslenskra sveitarfélaga 24. – 26. september 2014, minnisblað frá þingi, lagt fram á fundi.**

*Þinggögn lögð fram til kynningar.*

**11. 1410004 – Ársfundur Jöfnunarsjóðs 2014, ársskýrsla sjóðsins.**

Ársskýrslan er aðgengileg á vef Jöfnunarsjóðs:

<http://www.jofnunarsjodur.is/media/js2014/Arsskyrsla-Jofnunarsjods-2013.pdf>

*Lagt fram.*

**12. 1409012 – Ársfundur Náttúrustofu Vestfjarða 2014.**

Fundargerð og ársskýrsla, ársskýrsla lögð fram á fundi.

*Lagt fram.*

**13. 1410008 – Kynningarbréf.**

Erindi frá Leiðir Verkfræðistofu ehf.

*Lagt fram.*

**14. 1410011 – Félag tónlistarskólakennara, ályktanir.**

Ályktun sex svæðispinga tónlistarskóla haldinna 12.-19. september, dags. 9. október 2014, og Ályktun samstöðufundar haldins 7. október 2014, dags. 9. október 2014.

*Lagt fram.*

**15. 1408009 – Fundargerð 818. og 819. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.**

*Fundargerðir lagðar fram.*

**Önnur mál (ef einhver), löglega upp borin**

**16. 1410019 – Framkvæmdir við kirkjugarðinn á Reykhólum.**

*Ósk sóknarnefndar Reykhóla um fjárhagslega aðkomu sveitarfélagsins að framkvæmdunum.*

Fyrir liggur að við framkvæmd þessa hefur ekki verið haft samráð við sveitarfélagið skv. 5. gr. viðmiðunarreglna sem samþykktar hafa verið af Kirkjugarðsráði og Sambandi íslenskra sveitarfélaga um kirkjugarðsstæði og fleira.

*Farið var yfir málefnið og samþykkir sveitarstjórn að vísa erindinu til fjárhags-áætlunargerðar fyrir árið 2015. Samþykkt samhljóða.*

**17. 1410020 – Kauptilboð í Preststún og Prestsfjárhús.**

Sveitarstjóri lagði fram óundirritað kauptilboð og veðbandayfirlit yfir eignirnar.

*Sveitarstjóra falið að gera tilboð í eignirnar Preststún landnr. 216278 og Prestsfjárhús landnr. 216283. Báðar eignirnar eru innan þéttbýlisins Reykhóla. Tilboð að upphæð 1,8 millj. í báðar eignirnar og til vara 1,2 millj. í Prestsfjárhús og tilheyrandi lóð. Samþykkt samhljóða.*

**18. 1410021 – Meintur réttur og ósk afkomenda Jóns Sigurðssonar um landspildu í Flatey.**

Erindi frá Friðriki Á. Brekkan dagsett 12. október 2014.

*Sveitarstjóra falið að svara erindinu. Samþykkt samhljóða.*

**19. 1406015 – Samþykkt um stjórn Reykhólahrepps, breyting.**

Staðfesting innanríkisráðuneytis dagsett 14. október 2014.

*Lagt fram, breytingin birtist í B-deild Stjórnartíðinda og er nr. 685/2012.*

**20. 1406016 – Siðareglur fyrir kjörna fulltrúa Reykhólahrepps.**

Staðfesting innanríkisráðuneytisins dagsett 14. október 2014.

*Staðfestar siðareglur lagðar fram með stimpli ráðuneytisins, dagsetningu og undirskrift. Kjörnir fulltrúar Reykhólahrepps undirrita siðareglurnar og skulu þær síðan birtar opinberlega á vefsíðu Reykhólahrepps skv. 2. mgr. 29. gr. laga nr. 138/2011, samþykkt samhljóða.*

**21. 1410022 – Ósk um heimild til afskrifar á óinnheimtanlegum þing- og sveitar-sjóðsgjöldum.**

Erindi frá embætti Sýslumannsins á Patreksfirði dagsett 13. október 2014.

*Sveitarstjórn Reykhólahrepps samþykkir erindið samhljóða.*

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 19.30.
